



Hafnarfjörður

Minnisblað

Framlög til samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar s.l. Reglugerð um framlög á vegum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu hefur verið undirrituð og hefur fjármagni á grunni hennar verið úthlutað til sveitarfélaga. Framlagið er ætlað til að mæta auknum kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingarinnar og liggur kostnaðurinn fyrst og fremst í ákvæðum laganna um tengiliði og málstjóra. Framlögnum er ekki ætlað að mæta kostnaði við úrræði sem sveitarfélög starfrækja á grundvelli annarra laga. Úthlutanir fyrir árin 2023 og 2024 verða byggðar á raunupplýsingum um framkvæmd laganna.

Nánar má lesa um forsendur framlagsins í skýringum við tillögu vinnuhópsins. Auk þess má hér sjá reglugerðina og úthlutun framlaga.

- [Reglugerð nr. 1455/2021 um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022](#)
- [Skýringar á tillögu vinnuhóps](#)
- [Úthlutun framlaga](#)

Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum er framlagið til Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2022 kr. 96.311.233.- Nú þegar hefur Jöfnunarsjóður greitt framlagið vegna fyrstu mánaða ársins.

Gert er ráð fyrir þriggja ára innleiðingartímabili laganna um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Það liggur fyrir að margt er óljóst og lögin fela í sér umtalsverða breytingu á verklagi í þjónustu við börn, sem m.a. felst í skýrari þjónustu sem skal leidd af málsstjórum og tengiliðum svo aukinn tími fer í þjónustu og stuðning við einstaka fjölskyldur og fjármagn frá Jöfnunarsjóði er veitt sérstaklega vegna kostnaðar við aukinn stuðning við fjölskyldur.

Eins og kunnugt er hefur Hafnarfjarðarbær síðustu árin þróað verklag, Brúna, sem er að stórum hluta fyrirmynd laganna og fellur því mjög vel að markmiði og anda þeirra. Stýrihópur Brúarinnar er vettvangur þar sem markmiðið er að auka lífsgæði og þjónustu við börn og fjölskyldur í Hafnarfirði, samþætta þjónustu fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs og tengja vinnulag Brúarinnar inn í vinnulag sviðanna sem snýr að málefnum bama og fjölskyldna. Í stýrihópnum sitja sviðsstjórar beggja sviðanna, verkefnastjóri Brúarinnar leiðir hópinn í umboði beggja sviða, deildarstjórar beggja sviða, þróunarfulltrúar grunn- og leikskóla og fulltrúar grunn- og leikskólalastjóra. Stýrihópurinn fundar hálfsmánaðarlega og er mikilvægur vettvangur samþættingar þjónustu við börn og fjölskyldur.

Hér með er lagt til að stýrihópur Brúarinnar fái umboð fjölskyldu- og fræðsluráðs til að ráðstafa framlagi Jöfnunarsjóðs sérstaklega vegna þjónustu í þágu farsældar barna á þessu ári og áfram.

Hafnarfjörður 28. febrúar 2022

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs
Hrund Apríl Guðmundsdóttir, staðgengill sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs